

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 48 5. mars 1970, um holræsi í Vogum,  
Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu.

### 1. gr.

3. mgr. 3. gr. orðist svo:

Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins 1,5% af fasteignamatí húseignanna sbr. gildandi fasteignamat, en þó aldrei lægra en kr. 750.00.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Gjalddagi holræsagjalds er hinn sami og fasteignaskatts.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1976.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Skúli Sigurðsson.*

## SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld fyrir Selfosshrepp.

### 1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

### 2. gr.

#### A gjald.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	4 %
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús) ....	2,5%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús .....	2 %

Fjölbýlishús .....	1,5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	4 %
Opinberar byggingar .....	4 %
Önnur hús og byggingar .....	1,5%
+ kr. 60.00 pr. fermeter lóðar.	

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum, skal greiða hálf gald.

Gjald skal miða við stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdrætti.

Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldir lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu .....	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús .....	400 m <sup>3</sup> hver íbúð
Fjölbýlishús .....	300 m <sup>3</sup> hver íbúð

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

### 3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

### 4. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds, samkvæmt 2. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið, að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

### 5. gr.

#### B gjald.

Gatnagerðargjald þetta er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu, svo og ganga endanlega frá gangstétt.

Gjaldið skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	2,0 %
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús) ....	1,4 %
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús .....	1,15%
Fjölbýlishús .....	1,0 %
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	2,0 %
Opinberar byggingar .....	2,0 %
Önnur hús og byggingar .....	1,0 %

### 6. gr.

Gjöld samkvæmt 5. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, reiknaðri af Hagstofu Íslands 1. nóvember ár hvert.

### 7. gr.

Þar sem ákveðið er að innheimta gjald samkvæmt 5. gr. af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða það við vísitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

## 8. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 5. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið.

Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí ár hvert. Ársvextir 10% greiðast eftir á, á sömu gjalddögum.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 10% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans.

## 9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeim, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld, skal hreppsnefnd heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

## 10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 með breytingu á sömu lögum nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1976.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Hafnarhrepps, Höfn, Hornafirði.

### Vatnsskattur.

## 1. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá vatnsveitu Hafnarhrepps, skal greiða tengigjald kr. 20.00 á hvern rúmmetra húss, allt að 2000 rúmmetrum að stærð, en kr. 12.00 á hvern rúmmetra sem þar er umfram.

Lágmarkstengigjald er kr. 10 000.00.

## 2. gr.

Af öllum íbúðarhúsum í Hafnarhreppi, sem tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal árlega greiða vatnsskatt er nemi 0.30% af fasteignamatsverði húsa og lóða þeirra. Vatnsskattur skal þó aldrei lægri vera en kr. 4000.00 á hverri húseign eða sjálfstæðri íbúð.